Kynning á frambjóðanda til stjórnar Lífsverks.



Thomas Möller
Garðatorgi 2b, 210 Garðabæ.
Kt: 210254-5609
Kvæntur Bryndísi M. Tómasdóttur.
Við eigum þrjú börn: Agnar Tómas, Karitas og Láru Margréti.

---

Ég lærði hagverkfræði (Dipl. Wirtschaftsingenieur) við Tækniháskólann í Berlín 1981 og lauk MBA námi við Háskólann í Reykjavík árið 2009. Hef á mínum starfsferli stundað símenntun á flestum sviðum stjórnunar og fjármála.

Hef verið í Lífeyrissjóði verkfræðinga, síðar Lífsverki frá komu minni úr námi frá Berlín.

Í dag starfa ég hjá eigin fyrirtæki við rekstrarráðgjöf, verðmat og greiningu fyrirtækja auk stundarkennslu við Háskólann á Bifröst.

Í mínum fyrri störfum hjá Eimskip, Olís, Líf hf, Aalborg Portland og síðar hjá Rými Ofnasmiðunni sem meðeigandi, hef ég kynnst stjórnun og rekstri fyrirtækja og lagt mikla áherslu á góð og hvetjandi samskipti við starfsfólk.

Ég hef tekið þátt í stjórnarstörfum nokkurra fyrirtækja. Meðal þeirra eru Verðbréfamiðstöð Íslands sem er í dag að hluta til í eigu lífeyrissjóða. Þar kynntist ég þörfum sjóðanna fyrir hagkvæmari skráningu verðbréfa.

Í stjórn Reita fasteignafélags hf. kynntist ég mikilvægi góðra samskipta við eigendur sem eru að mestu leyti lífeyrissjóðir landsins. Í stjórn Reita kynntist ég heimi verðbréfaviðskipta, skuldabréfaútgáfa og hlutafjáraukninga sem snerta störf lífeyrissjóða. Þar sá ég mikilvægi þess að eignir sjóðanna séu vel ávaxtaðar með langtímahagmuni í huga.

Að auki hef ég verið í stjórnum fjölda fyrirtækja, bæði einkarekinna og ríkisstofnana auk þess að vera stjórnarformaður Skóla Ísaks Jónssonar um árabil.

Verði ég kosinn í stjórn Lífsverks mun ég fyrst og fremst gæta hagsmuna sjóðsfélaga, enda er ég einn þeirra.